

Ævintýraferðir

Veturinn 2018 – 2019 hafa elstu börn Lundabóls farið í ævintýraferðir (útikennsla) vikulega.

Hópnum var skipt í tvennt þannig að hvert barn fer aðra hvora viku í slíka ferð.

Ástæða þess að tekin var sú ákvörðun að sækja um styrk til að þróa útikennslu í

Lundabóli er m.a. vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að það að vera utandyra:

- Dregur úr framleiðslu kortisóls sem þýðir að útivera dregur úr streitu
- Útivera eykur einbeitingu barna með ADHD – færri áreiti
- Eykur hamingju
- Lækkar blóðþrýsting
- Dregur úr árásargirni – nægt rými fyrir alla
- Styrkir ónæmiskerfið
- Örvar skilningarvit og sköpunargáfu



Einnig hefur útivera nálgun við jákvæða upplifun s.s. hreyfingu og félagsskap. Mikilvægi leik og grunnskóla við að kynna fyrir börnum jákvæða upplifun utandyra hefur aukist undanfarin ár í takt við breytta lífshætti fjölskyldna í nútíma samfélagi.

Ævintýraferðir hafa ætíð kennslufræðilegan tilgang sem tengist þeirri vinnu sem fram fer í leikskólanum hverju sinni. Mikilvægt er að undirbúa slíkar ferðir vel, vera með gott skipulag og hafa einnig verkefni sem leysa á meðan gengið er til og frá ákvörðunarstað. Tímaseðlar eru til fyrir ýmsar gerðir ævintýraferða sem kennarar geta gripið til þó auðvitað sér velkomið að fara aðrar leiðir og alltaf gaman að reyna eitthvað nýtt.

Auk kennslufræðilegs tilgangs er einnig mikilvægt að gefa góðan tíma fyrir frjálstan leik og að börnin upplifi ferðina sem skemmtilega og að þau hafi eitthvað um það að segja hvað er gert. Gæta þarf að allir séu vel klæddir og ekki svangir og að hafa meðferðis auka vettlinga o.þ.h. auk nestis.

Ýmislegt hefur verið gert í vetur svo sem:

September - nærumhverfi okkar – vistkerfið í lundinum okkar

- Tilraun með frjósaman og ófrjósaman jarðveg
- Hlutverk plantna og gróðurs
- Dýralíf
- Rotnun sorps – lífrænt/ólífrænt

Október – Fjölskylda og heimili

- Formin í bænum okkar
- Náttúruleg form
- Skapandi starf í skóginum
- Varðeldur og grill



Nóvember og desember – menning í samfélagi okkar

- Bókasafnið
- Grunnskólar
- Landnámssýning



- Árbæjarsafn
- Sívertsenshús
- Heimsókn til eldri borgara í Ísafold

Janúar – tilraunir með vatn og snjó

- hljóðgreiningar leikir og náttúrubingó

Febrúar – tilraunir með vatn og snjó

- fuglafóðursgerð

Mars

hugtakainnlögn, hljóðgreiningar leikir

- hreyfing
- stærðfræði

Maí – lífríki

- Eyðing sorps lífrænt/ólífrænt
- Skordýr í lundinum okkar
- Hreyfing
- stærðfræði



Verkefni ævintýraferða eru margvísleg og ólík og áhersla er lögð á að flétta það starf sem unnið er að í leikskólanum s.s. læsi, stærðfræði, sjálfbærni og hreyfingu inn í ævintýraferðirnar auk náttúruskoðunar.

Uppsetning ævintýraferðanna er svipuð svo börnin átta sig á skipulaginu og viti hvað er í vændum.

Byrjað er á því að velja í hlutverk en hlutverkin eru nokkur en þó mismörg sem fer eftir verkefnum sem unnin eru í ferðunum.

- Fánaberi
- Nestistjóri
- Fréttamaður
- Kerrustjóri
- Bingóstjóri



Dæmi um verkefni á leið á áfangastað

- Náttúrubingó
- Jurtabingó
- Bærinn minn – bingó
- Formin í umhverfinu
- Fyrsta hljóð í orði
- Tölur í umhverfi okkar



Verkefni á áfangastað – léttir leikir í upphafi

- Hreyfileikir
- flokkunarleikir
- Hljóðgreiningarleikir
- Stærðfræðileikir

Aðalverkefni

- Náttúruskoðun og verkefni tengd sjálfbærni
- Nestistími og fréttamaður
- Frjáls leikur og heimferð



Gott er að bjóða upp á frjálsan tíma eða skipulagða hreyfileiki fyrir heimferð og nýta náttúruna og ótakmarkað rými til fullnustu.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks 350.000 kr

Laun:	200.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla:	79.900
Gögn:	97.239

Verkefnastjóri: Árdís Grétarsdóttir leikskólakennari Lundabóli

